



Dagur B Eggertsson borgarstjóri
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður borgarráðs
Pawel Bartoszek forseti borgarstjórnar
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir formaður skipulags- og samgönguráðs

Samtök um betri byggð (BB) beina meðfylgjandi tillögu til borgaryfirvalda. Samtökin óska þess að borgarstjóri, formaður borgarráðs, forseti borgarstjórnar og formaður skipulags- og samgönguráðs sjái til þess að tillagan fari rétta boðleið um borgarkerfið og fái opna og faglega umfjöllun.

Samtök um betri byggð (BB) óska þess að fá sem fyrst rökstutt svar við þessari málaleitan sinni.

TILLAGA SAMTAKA UM BETRI BYGGÐ (BB): VALKOSTIR Í AÐALSKIPULAGI

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Reykjavíkurborg láti hefja nú þegar ítarlega úttekt á tillögu BB um NÝJA MIÐBORG eða sambærilegan valkost í tengslum við endurskoðun á Aðalskipulagi Reykjavíkur, sem nú er hafin (janúar 2020), til samanburðar við áform SSH um BORGARLÍNU.

Rökstuðningur BB:

Samtök um betri byggð (BB) benda á að aðlögun Aðalskipulags Reykjavíkur að óbreyttri áætlun SSH um BORGARLÍNU felur í sér meiriháttar breytingu á núgildandi AR-30 m.a. hvað varðar framtíðarsýn, byggðarmynstur og búsetuskilyrði; því eigi borgaryfirvöld að bera saman meginvalkosti skipulagsins.

BB benda á að óbreytt áætlun SSH um BORGARLÍNU muni helst gagnast sveitarfélögum í Kraganum.

BB benda á að Reykvíkingum einum er ætlað að axla helstu byrðar af áætlun um BORGARLÍNU, m.a. að sæta töf á uppbyggingu í Vatnsmýri á meðan 15-20 árgöngum nýrra borgarbúa er ætluð „þvinguð búseta“ meðfram strætóleiðum í átt að jaðri byggðarinnar.

BB telja að aðlögun AR að óbreyttri áætlun um BORGARLÍNU samræmist illa markmiðum núgildandi SKIPULAGSLAGA 2010 nr. 123 m.a.:

- um ...“efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir“ Reykvíkinga ... (a.),
- um ...“skynsamlega og hagkvæma nýtingu lands“...(b.),

BB benda á að aðlögun AR að óbreyttri áætlun um BORGARLÍNU gerir að engu möguleika Reykjavíkur að standa við alþjóðlegar loftslagsskuldbindingar fyrir árið 2030

Nánari rökstuðningur BB er í fylgigögnum.

Reykjavík 28. febrúar 2020,

F.h. framkvæmdastjórnar Samtaka um betri byggð (BB)
Gunnar H Gunnarsson verkfræðingur gunnarhjortur@hotmail.com
Örn Sigurðsson arkitekt arkorn@simnet.is